

Mánudaginn 21. ágúst 2017.

Nr. 352/2017.

Sæsteinn ehf.

(Magnús Pálmi Skúlason hdl.)

gegn

Reykjavíkurborg

(Ebba Schram hrl.)

Kærumál. Kröfugerð. Lögvarðir hagsmunir. Frávísunarúrskurður staðfestur.

S ehf. krafðist viðurkenningar á rétti til skaðabóta úr hendi R vegna missis hagnaðar sem félagið hefði notið hefði ekki komið til ákvörðunar R um að hafna tilboði þess í útboði tiltekins rammisamnings. Í úrskurði héraðsdóms, sem staðfestur var í Hæstarétti með vísan til forsendna, kom meðal annars fram að S ehf. hefði ekki leitt nægar líkur að því að gengið hefði verið til samninga við hann um tiltekna þjónustu, þótt við hann hefði verið gerður rammisamningur á grundvelli útboðsins og að hann hefði þannig orðið fyrir tjóni vegna missis hagnaðar. Hefði S ehf. þannig ekki tekist að leiða nægar líkur að því að hann hefði orðið fyrir tjóni í skilningi 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Hefði S ehf. því ekki lögvarða hagsmuni af því að fá leyst úr viðurkenningarkröfu sinni fyrir dómi á grundvelli þess ákvæðis. Var málinu því vísað frá dómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramir Markús Sigurbjörnsson, Benedikt Bogason og Greta Baldursdóttir.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 2. júní 2017, en kærumálgögn bárust réttinum 14. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 24. maí 2017, þar sem máli sóknaraðila gegn varnaraðila var vísað frá dómi. Kæruheimild er í j. lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Sóknaraðili krefst þess að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og lagt fyrir héraðsdóm að taka málið til efnismeðferðar. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

Sóknaraðila verður gert að greiða varnaraðila kærumálskostnað eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, Sæsteinn ehf., greiði varnaraðila, Reykjavíkurborg, 350.000 krónur í kærumálskostnað.

Rétt endurrit staðfestur
21.08.2017
Gjald: 250 kr.

